

Ár 1975, þriðjudaginn 24. júní, var í málinu nr. 11/1975 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að Reykjavíkurborg hefur lagt fasteignaskatt á fasteignina nr. 2 við Súðavog, sem er eigna Rafmagnsveitna ríkisins.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa neitað greiðslu fasteignaskatts, álagðs árin 1973, 1974 og 1975 og bera þar fyrir sig ákvæði 77. gr. orkulaga nr. 58/1967. Af þessu til-efni hefur Gjaldheimtan í Reykjavík ritað Yfirfasteignamatnefnd bréf, dags. 15. maí 1975, og óskað úrlausnar nefndarinnar um skyldu Rafmagnsveitna ríkisins til að greiða fasteignaskatt af fyrrgreindum eignum.

Að vísu er það meginregla 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, að greiða skuli fasteignaskatt af öllum fasteignum, sem metnar eru í fasteignamati, og e ekki eiga undanþáguákvæði 5. gr. sömu laga hér heldur við. Á hinn bóginn verður ekki talið, að með lögum þessum, sem setja almennar reglur um fasteignaskatt til sveitarfélaga, hafi verið tilætluð að haggja við undanþágum einstakra fyrirtækja samkvæmt sérstökum lögum, þótt eldri séu en tekjustofnalögin.


77. gr. Orkulaga nr. 58/1967 er svohljóðandi:

"Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins, Orkusjóður og Jarðboranir ríkisins eru undanþegin tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga".


Líta verður svo á, að ákvæði þetta taki til fasteignaskatts, og eru Rafmagnsveitur ríkisins því samkvæmt framansögður undanþegnar fasteignaskatti af umræddri eign.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Rafmagnsveitum ríkisins er eigi skylt að svara fasteignaskatti af ofan- greindri fasteigna


Torfi Ásgeirsson

Gaukur Jörundsson


Magnús Thoroddsen